

***BORGARRÁÐ 30. nóvember 2017: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um úrbætur í þágu heimilissauss fólks - R17110178***

Lagt er til að tafarlaugar úrbætur verði gerðar í þágu heimilissauss fólks, sem dvelst nú á tjaldstæðinu í Laugardal. 1. Rafmagnskerfi svæðisins verði styrkt og betrubætt en í nýafstöðnu kuldakasti hefur það hvað eftir annað slegið út og haft mikil óþægindi í för með sér. 2. Tryggður verði greiður aðgangur tjaldstæðagesta að salernum allan sólarhringinn. 3. Athugað verði hvort unnt sé að nýta þau smáhýsi sem eru á tjaldstæðinu í þágu heimilissaussra en þau eru nú lokuð.





Borgarráð

Ráðhúsinu  
101 REYKJAVÍK

***Tjaldstæðið í Laugardal - tilv. R17110178***

Eftirfarandi tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins var m.a. vísað til ÍTR. "Lagt er til að tafarlaugar úrbætur verði gerðar í þágu heimilisslauss fólks, sem dvelst nú á tjaldstæðinu í Laugardal. 1. Rafmagnskerfi svæðisins verði styrkt og betrubætt en í nýafstöðnu kulakasti hefur það hvað eftir annað slegið út og haft mikil óþægindi í för með sér. 2. Tryggður verði greiður aðgangur tjaldstæðisgesta að salernum allan sólarhringinn. 3. Athugað verði hvort unnt sé að nýta þau smáhýsi sem eru á tjaldstæðinu í þágu heimilisslausra en þau eru nú lokað."

Farfuglar þjónusta hjólhýsin og húsbíla á bílastæðunum við Farfuglaheimilið frá Farfuglaheimilinu sjálfu en tjaldsvæðið er í raun lokað. Á Farfuglaheimilinu hefur fólk óheftan aðgang að salernum, sturtum, fullbúnu eldhúsi með öllum áhöldum fyrir þá sem vilja laga mat, setustofu með fríu wifi og kaffisölu.

Húsið er ólæst 18 klst. á dag frá 06:00 á morgnana til 24:00 en þess á milli er húsið læst og þarf fólk þá að hringja bjöllu og næturvörðurinn opnar fyrir þeim. Tillaga hefur komið fram frá Farfuglum að lengja tímann sem húsið er opið til kl. 01:00, það væri þá einungis 5 tímar yfir nóttina sem hringja þyrfti bjöllu.

  
Ómar Einarsson.





Reykjavík, 25. janúar 2018  
VEL2017120022  
7.2

Borgarráð  
Ráðhúsi Reykjavíkur  
Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík

***Umsögn vegna tillagna borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um úrbætur í þágu heimilislauss fólks - R17110178.***

Þann 30. nóvember lagði borgarráðsfulltrúi Sjálfstæðisflokksins fram tillögur um úrbætur í þágu heimilislauss fólks. Tillögurnar voru svohljóðandi:

*Lagt er til að tafarlausar úrbætur verði gerðar í þágu heimilislauss fólks, sem dvelst nú á tjaldstæðinu í Laugardal. 1. Rafmagnskerfi svæðisins verði styrkt og betrubætt en í nýafstöðnu kuldakasti hefur það hvað eftir annað slegið út og haft mikil óþægindi í för með sér. 2. Tryggður verði greiður aðgangur tjaldstæðagesta að salernum allan sólarhringinn. 3. Athugað verði hvort unnt sé að nýta þau smáhýsi sem eru á tjaldstæðinu í þágu heimilislausra en þau eru nú lokuð.*

Velferðarsvið lét gera úttekt á fjölda íbúa á tjaldsvæðinu í Laugardal og félagslegum aðstæðum þeirra. Úttektin fór fram dagana 29. nóvember og 5. desember 2017. Niðurstöðurnar voru kynntar í velferðarráði þann 7. desember 2017.

Alls dvöldu 17 einstaklingar á tjaldsvæðinu þegar úttektin var gerð. Af þeim fimmtán einstaklingum sem Vettvangs- og ráðgjafateymi velferðarsviðs ræddi við, voru þrír sem kváðust þiggja tilboð um leiguherbergi. Að auki töldu tveir einstaklingar líklegt að þeir myndu þiggja herbergi ef leyfi yrði veitt fyrir gæludýrahaldi.

Þann 15. desember 2017 opnaði velferðarsvið nýtt úrræði í Víðinesi fyrir 14 heimilislausa einstaklinga. Hvert herbergi er með rúmi, fataskáp, kæliskáp og handlaug, önnur aðstaða er sameiginleg. Til sameiginlegrar aðstöðu teljast tvö eldhús, tvö þvottahús, tvær setustofur og sjö baðherbergi. Gæludýr er leyfð.

Öllum húsnæðislausum einstaklingum sem dvöldu á tjaldsvæðinu í Laugardal var boðið að flytja í Víðines. Fimm einstaklingar þáðu tilboðið. Alls hafa níu einstaklingar dvalið í Víðinesi frá opnun en velferðarsvið hefur lagt áherslu á að herbergjum sé úthlutað með ákveðnu millibili á meðan úrræðið er að fara af stað. Þannig má auka líkurnar á því að heimilisbragurinn verði með sem bestum hætti.

Með ofangreindum aðgerðum telur velferðarsvið að það hafi brugðist við, skjótt, til að bæta stöðu þeirra heimilislausu einstaklinga sem dvöldu á tjaldstæðinu í Laugardal.

Virðingarfyllst


*Regína Ásvaldsdóttir*

Regína Ásvaldsdóttir  
sviðsstjóri





Reykjavík, 2. febrúar 2018  
USK2017120020



Borgarráð

**Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um úrbætur í þágu heimilissauss fólks  
Tilvísun í mál R17110178.**

Á fundi borgarráðs þann 30. nóvember 2017 var lögð fram eftirfarandi tillaga fulltrúa  
Sjálfstæðisflokks í þremur liðum:

„Lagt er til að tafarlaugar úrbætur verði gerðar í þágu heimilissauss fólks, sem dvelst nú á  
tjaldstæðinu í Laugardal.

1. Rafmagnskerfi svæðisins verði styrkt og betrubætt en í nýafstöðnu kuldakasti hefur það  
hvað eftir annað slegið út og haft mikil óþægindi í för með sér.
2. Tryggður verði greiður aðgangur tjaldstæðagesta að salernum allan sólarhringinn.
3. Athugað verði hvort unnt sé að nýta þau smáhýsi sem eru á tjaldstæðinu í þágu  
heimilissaussa en þau eru nú lokuð.“

Umsögn/svar:

1. Brugðist hefur verið við aukinni notkun með því að leggja stærri rafmagnsheimtaug inn á  
svæðið til að geta annað meiri orkuþörf hjá dvalargestum tjaldsvæðisins. Þessa dagana er  
verið að vinna í tengingum og er áætlað að þeim ljúki fljótlega.

Varðandi liði 2. og 3. þá er vísað til umsagnar rekstraraðila, ÍTR.

Ámundi Brynjólfsson, skrifstofustjóri  
skrifstofu framkvæmda og viðhalds

